

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

34. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2021, föstudaginn 12. mars kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Elsa G. Borgarsdóttir, Karl Guðmundur Kjartansson, Birgir G. Ragnarsson og Ásgeir Hólm Agnarsson.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerðir nefnda og félaga.
3. Skipan nefnda.

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Skýrsla sveitarstjóra kynnt.

Rædd málefni sem varða væntanlegt niðurrif skips að Garðstöðum. Upplýst um fyrirspurnir blm. DV um afdrif skipsins Eiðs ÍS-126. Sveitarstjóra falið að afla lögfræðialits um stjórnarsýslulega stöðu Súðavíkurhrepps vegna hugsanlega leyfisskyldrar starfsemi þar.

Gerð grein fyrir stöðu ljósleiðaramála í þéttbýli og áformum Mílu og Snerpu í sumar. Sveitarstjóra falið að fá nánari upplýsingar um dagsetningar og kostnað.

Sveitarstjóra falið að ganga eftir því að pantað verði efni í dekk miðbakka í Súðavíkurhöfn.

Hlaðbær-Colas verður ekki á ferðinni í sumar og því nauðsynlegt að panta viðgerðarmalbik.

Vegagerðin hefur fundið grindahlið til að setja niður við Þórðarsteina og mun sveitarstjóri fylgja málinu eftir.

Gerð grein fyrir uppgjörsmálum vegna íbúða við Grundarstræti.

Kynnt erindi um sameiginlega sýn á fiskeldismál. Sveitarstjóra gefið umboð sveitarstjórnar til þess að standa að vinnu um sameiginlega sýn á fiskeldismál á Vestfjörðum með öðrum sveitarfélögum á svæðinu og standa að gerð sáttmála þar um. Umboð er þó veitt með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar ef til bindandi samkomulags verður efnt.

Sveitarstjórn gerð grein fyrir grútarmengun sem hefur verið viðvarandi í Súðavíkurhöfn og nánasta umhverfi undanfarnar vikur/mánuði. Fugl hefur verið grútarblautur í höfninni og hefur rekstraraðilum á svæðinu verið gert viðvart og kvartað við þá undan ástandinu.

2. Fundargerðir nefnda og félaga.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerð 17. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar frá 8. mars 2021.

3. Skipan nefnda.

Sveitarstjórn skipar Snorra G. Bergsson sem varamann í yfirkjörstjórn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:26

Ásgeir Hólm Agnarsson

Ásgeir Hólm Agnarsson

Birgir G. Ragnarsson

Birgir G. Ragnarsson

Elsa G. Borgarsdóttir

Elsa G. Borgarsdóttir

Karl Guðmundur Kjartansson

Karl Guðmundur Kjartansson

Samúel Kristjánsson oddviti

Samúel Kristjánsson